


Íslandsmót kæna 2023

Öryggis og viðbragðsáætlun

Íslandsmót kæna fer fram í Skerjafirði og innfjörðum hans dagana 10. - 12. ágúst og er haldið af Siglingafélagi Reykjavíkur, Brokey.

Keppnissvæði eru eftirfarandi:



Gátlisti öryggisbóta:

- Flauta eða þokulúður
- Oddlaus hnífur
- Nægt eldsneyti fyrir amk. 6 klukkustundir á sjó
- Sjúkrokassi/taska og hitateppi
- Ádreparasnúra og auka ódreparasnúra (hún ávallt notuð þegar mótör er í gangi)
- Toglínur
- Ár
- Akkeri, lína og bauja
- 2l vatnsflaska
- Ausa
- VHF talstöð

Verklagsreglur á öryggis/þjálfarabátum

Bátastjóri er sá sem siglir öryggis/þjálfarabátnum hverju sinni og er hann jafnframt ábyrgur fyrir bátnum og farþegum

Aðeins þeir sem lokið hafa þjálfun á öryggisbáta mega annast þjálfun/öryggisgæslu á keppnissvæði

Fara skal eftir leiðbeiningum um hámarksfarþegafjölda um borð í öryggisbáti eins og hægt er hverju sinni

Bátstjóri skal ávallt miða hraða bátsins við aðstæður hverju sinni

Bátstjóri skal ávallt slökkva á vél áður en farþegar fara á milli báta eða báts og bryggju nema í örfáum undertekningaraðstæðum

Bátstjóri skal ávallt nálgast bát á hvolfi og fólk í sjó á stýrishraða eingöngu og vera viðbúinn á hverri stundu til að taka vél úr gír.

Slökkva skal á vélinni komi gæslubátur að fólki í sjónum

Bátstjóri skal ávallt tengdur við vél/vélstjórnartæki með ádreparasnúru (öryggi) sem fest er utanum læri bátstjórans. Brot á þessu getur varðar brottrekstur af keppnissvæði og þar af leiðandi keppendum þess þjálfara.

Bátstjóri skal ávallt sýna ábyrga hegðun og sigla af varúð framhjá öðrum sæfarendum

Stranglega bannað er að nota öryggisbátana til að gera öldur eða til að skvetta á aðra báta

Viðbragðsáætlun

Viðbragðsáætlun sýnir hvernig leiðbeinendur og starfsmenn Brokeyjar bregðast við upprákomum eða slysum. Hér eru forgangsatridin:

- Eigið öryggi
- Varðveita líf
- Passa að upprákomun eða slysið verði ekki verri
- Veita viðeigandi aðstoð

Viðbrögð við minniháttar atvikum

Forgangsatridi:

- Öryggi og velferð allra iðkenda og starfsfólks (ekki búnaðar)
- Fólk sem ekki hefur fengið viðeigandi þjálfun á ekki að vera sett í hættu
- Það er betra að kalla á hjálp án þess að þurfa en að þurfa hjálp og ekki kalla á hjálp
- Gerðu alltaf grein fyrir atvikinu við keppnisstjórn
- Eftir að gengið hefur verið frá atvikinu skal gerð skýrsla um atvikið

Viðbrögð við alvarlegum atvikum

Forgangsatridi:

- Hringja á 112
 - Kalla á keppnisstjórn og biðja um neyðaraðstoð
 - Veita fyrstu hjálp meðan beðið er eftir aðstoð
 - Undir engum kringumstæðum má ræða um atvikið sem átti sér stað, þetta á við um starfsmenn, félagsmenn og fjölmiðla
 - Samskipti við fjölmiðla verða undirbúin af keppnisstjórn og stjórn félagsins
 - Eftir að gengið hefur verið frá atvikinu skal gerð skýrsla um atvikið
- Fyrir frekari spurningar um aðgerðaráætlunina hafið samband við keppnisstjórn

Húsnæði og aðstaða

Kænudeild Siglingafélags Reykjavíkur, Brokeyjar er til húsa í Nauthólsvegi 100. Aðstaða fyrir geymslu á kænum verður í garðinum á meðan að keppni stendur. Sjósetning fer fram á rampinum við siglunes en gæta þarf þess að ganga í einbreiðri röð eftir göngustígnum niður að rampinum og best er að setja upp möstur þegar komið er að rampinum.

Sjósetning á öryggisbátum fer fram á rampinum við Siglunes og er hægt að nota hann allan miðvikudaginn en annars milli 8 - 9 og eftir 18 á keppisdögum. Við munum reyna að koma til móts við alla með geymslu á öryggisbátum í smábátahöfninni við Ými en ef það reynist ekki hægt mælum við með að þeir verði geymdir á akkeri í voginum og við munum bjóða upp á skutl í bátana á morgnana.

